

## Fundargerð 101. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

### Dagsetning: mánudagurinn 20.01.2025 klukkan 16:15 á Teams:

Björg Ágústsdóttir (formaður), Helga Guðmundsdóttir, Kristinn Jónasson, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Birta Antonsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.


Björg Ágústsdóttir formaður setti 101. fund skólanefndar FSN.

### Dagskrá:

#### 1. Innritun, upphaf annar og námsframboð.

Hér eru nýjustu tölur innritunar á vorönn 2025:

	13.1.2025	19.1.2025
<b>Fjöldi staðnema</b>	76	76
<b>Grunnskólanemar</b>	3	3
<b>Fjöldi fjarnema</b>	99	113
<b>Samtals</b>	<b>178</b>	<b>192</b>
<b>Framhaldsskólabraut 2</b>	10	7
<b>Félags- og hugvísindabraut</b>	35	36
<b>Íþróttá- og lýðheilsabraut</b>	10	10
<b>Náttúru- og raunvísindabraut</b>	15	17
<b>Nýsköpunar- og frumkvöðlabraut</b>	11	11
<b>Opin braut til stúdentsprófs</b>	90	104
<b>Starfsbraut</b>	2	2
<b>Viðbótarnám til stúdentsprófs</b>	5	5



## 2. Niðurstaða náms á haustönn.

Tölur um námsárangur við FSN árið 2024:


Loknar einingar á önn - vor 2024	
Heildar fjöldi eininga	2895
Fjöldi nemenda	157
Nemendaígildi	96,5

Loknar einingar á önn - haust 2024	
Heildarfjöldi eininga	3522
Fjöldi nemenda	180
Nemendaígildi	117,4

FSN fær greitt fyrir 140 ársnemendum skv. fjárlögum og það eru greiddar 2,7 m.kr. með hverjum ársnemenda á árinu 2025.

## 3. Önnur mál

- Skólameistari upplýsti nefndina um að það hefur verið stofnað foreldraráð við FSN og er fyrirhugaður fundur á morgun. Foreldraráð er skipað Berglindi Evu Ólafsdóttur og Dagnýju Ósk Hermannsdóttur úr Sveitarfélaginu Stykkishólmi, Brynju Ólafsdóttur úr Snæfellsbæ og Guðmundi Pálssyni og Hinrik Konráðssyni úr Grundarfirði.
- Skólameistari er að fara á kynningarfund Vegagerðarinnar um endurhönnun á leiðarkerfi landsbyggðarstrætó næstkomandi miðvikudag.
- Það er búið að samþykkja stefnu ríkisaðila til næstu þriggja ára. FSN mun starfa eftir eftirfarandi markmiðum: að auka gæði menntunar, að fjölga fjarnemendum, efla nýsköpunar- og frumkvöðlamenntun ásamt því að fjölga námsleiðum við FSN.
- Fjármálastjóri upplýsti að það líti enn út fyrir rekstrarhalla á árinu 2024 en það er beðið eftir uppgjöri frá Mennta- og barnamálaráðuneyti.



- 
- Formaður skólanefndar velti fyrir sér möguleikum FSN á að verða iðnnámsskóli. FSN hefur ekki umboð frá ráðuneyti til þess að bjóða upp á iðnnám, samstarfi við iðnskóla hefur verið eitthvað í gegnum tíðina. Það eru iðnnemar í FSN en eru ekki að sækja starfsnám í FSN.
  - Gerður B. Sveinsdóttir tilkynnti að Vesturbyggð hefði samþykkt að greiða 60% að dvalarkostnaði nemenda vegna námsferða til Grundarfjarðar.
  - Fjármálastjóri ætlar að skoða mismunum varðandi jöfnunarstyrk vegna nemenda sem eru búsettir á Patreksfirði og ætlar að semja drög að ályktun til að senda á formann skólanefndar.
  - Næsti fundur verður þann 17. mars 2025 á Teams
  - Útskrift FSN verður föstudaginn 23. maí 2025
  - Það er ánægja með nýtt starfsfólk mótuneytis sem rekið er af Grundarfjarðarbæ. Nemendur eru ánægðir.

Fundi slitið klukkan 17:02.